



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 20. febrúar 2020, gildi áfram en núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 22. febrúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 6. mars 2018 falli úr gildi frá 1. júlí 2020 þegar sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu koma til framkvæmda. .

Greinargerð:

Sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 20. febrúar 2020. Til þessa hefur Reykjavíkurborg haft sérreglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks til viðbótar við sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Reglur um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fjalla um tilhögun þjónustunnar og þau viðmið sem gilda auk þess sem nánar er fjallað um framkvæmd þjónustunnar í þjónustulýsingu. Framangreindar reglur og þjónustulýsing hafa verið unnar í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og taka þær til þeirrar þjónustu sem fram kemur í núgildandi reglum Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Ekki er talið æskilegt að í gildi séu tvær reglur um sömu þjónustu en slíkt getur leitt til misræmis og verið villandi fyrir notendur, auk þess sem það að hafa einar reglur auðvelda vinnu og tryggir meira samræmi í þjónustu.

Sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu byggja á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Markmið sameiginlegra reglna um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu er að fatlað fólk eigi kost á

akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsunda, ásamt því að veita þjónustu vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 17. maí 2020